

#### **240. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 20. janúar 2026, á Teams**

**Mætt:** Erla Friðriksdóttir formaður, Jóhanna Ösp Einarsdóttir varaformaður, Þórkatla Soffía Ólafsdóttir, Karl Kristjánsson, Valdís Einarsdóttir, Arnar Kristjánsson og Magnús A. Sigurðsson.

**Forföll:** Sunna Björk Ragnarsdóttir

*Fundarritari:* Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 10.00

#### **1. Fundargerð 239. fundar Breiðafjarðarnefndar**

Fundargerð 239. fundar nefndarinnar, sem var haldinn á Teams 12. desember 2025.

##### **Afgreiðsla:**

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

#### **2. Samstarfsverkefni Breiðafjarðarnefndar 2026 - Örnefnaverkefnið**

Breiðafjarðarnefnd og Náttúrufræðistofnun vinna áfram að örnefnaverkefninu árið 2026. Framhaldssamningur var undirritaður í lok árs 2025 og er gert ráð fyrir að verkefninu ljúki árið 2026.

##### **Afgreiðsla:**

Náttúrufræðistofnun hefur lagt fram hugmynd um að halda sameiginlegan viðburð vorið 2026 þar sem niðurstöður samstarfsverkefnis verða kynntar almenningi. Gert er ráð fyrir að viðburðurinn fari fram í Stykkishólmi í apríl. Breiðafjarðarnefnd ræddi hugmyndina og samþykkti að hefja undirbúning í samstarfi við Náttúrufræðistofnun.

#### **3. Framkvæmdaáætlun Breiðafjarðarnefndar 2022-2025**

Breiðafjarðarnefnd markaði sér framtíðarsýn árið 2022 sem hún hafði að leiðarljósi á starfstímabilinu til ársins 2025. Með þá framtíðarsýn að leiðarljósi, ásamt þeim forgangsatriðum sem sett voru fram í Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014–2019, vann Breiðafjarðarnefnd framkvæmdaáætlun fyrir tímabilið 2022–2025.

Breiðafjarðarnefnd er nú að undirbúa nýja framkvæmdaáætlun fyrir núverandi starfstímabil nefndarinnar.

##### **Afgreiðsla:**

Nefndin kynnti sér framkvæmdaáætlunina 2022–2025 og þau helstu verkefni sem þar voru lögð til. Nefndin ákvað að vísa málið til næsta staðfundar, sem fyrirhugaður er í mars.

#### **4. Hraunsfjörður**

Breiðafjarðarnefnd hefur fjallað um mögulega endurheimt Hraunsfjarðar, sem var stíflaður á 9. áratug 20. aldar. Lesa má nánar um hugmyndir Breiðafjarðarnefndar [hér](#).

Vorið 2025 gerði Breiðafjarðarnefnd samkomulag við fagaðila (Vatnaskil og Cowi) um að kanna og greina þá undirbúningsvinnu sem þarf að liggja fyrir áður en hægt er að taka upplýsta ákvörðun um hagkvæmni endurheimtar Hraunsfjarðar. Niðurstöður þeirrar vinnu voru kynntar Breiðafjarðarnefnd í október 2025.

Breiðafjarðarnefnd og landeigendur við Hraunsfjörð eiga fund 22. janúar, þar sem Vatnaskil og COWI kynna fyrir landeigendum frumniðurstöður sem áður voru kynntar Breiðafjarðarnefnd í október 2025.

#### **5. Melrakkaey við Stykkishólm**

Breiðafjarðarnefnd hefur fengið ábendingu um bryggjuframkvæmd í Melrakkaey við Stykkishólm.

##### **Afgreiðsla:**

Nefndin áframsendir upplýsingar um ábendinguna til Sveitarfélagsins Stykkisólms og Náttúruverndarstofnunar. .

#### **6. Framtíð Breiðafjarðar**

Breiðafjarðarnefnd setti á fót vinnu um „Framtíð Breiðafjarðar“ árið 2019. Framtak hennar leiddi til skipun stýrihóps um Framtíð Breiðafjarðar sem skilaði af sér niðurstöðum í júlí 2024. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) og Vestfjarðastofa leiddu stýrihópinn og hafa síðan 2024 ýtt á eftir niðurstöðum stýrihópsins.

SSV og Vestfjarðastofa settu sig í samband við Breiðafjarðarnefnd í haust 2025 til að kynna fyrir nefndinni eftirfylgni landshlutasamtakanna.

##### **Afgreiðsla:**

Páll Brynjarsson frá SSV og Aðalsteinn Óskaron frá Vestfjarðarstofu mættu á fund Breiðafjarðarnefndar til að kynna eftirfylgni skýrslu framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar.

#### **7. Önnur mál**

Staða endurskoðunar verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð rædd. Verkefnið er í umsjón Náttúrustofu Vesturlands og Náttúrustofu Vestfjarða. Fyrir áramót voru gerðar breytingar á skipulagi verkefnisins og mun Náttúrustofa Vesturlands sjá um að ljúka því á næstu mánuðum. Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar, sem jafnframt sinnir endurskoðun verndaráætlunarinnar fyrir náttúrustofuna, mun upplýsa nefndina nánar um stöðu verkefnisins á næsta fundi Breiðafjarðarnefndar.



Engin önnur mál rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður fjarfundur þann 24. febrúar 2026, kl. 10.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.30.